math104-4calc Heildi

Kjartan G. Magnusson, followed by many others

October 24, 2016

Contents

1 Óákveðin heildi

1.1 Stofnfall

F er stofnfall (antiderivative) f ef $F'(x) = f(x) \qquad \forall x \in D_f$
Mengi stofnfalla f er óákveðið heildi f m.t.t. x og er táknað $\int f(x)\,dx$
Ef F er stofnfall f skrifum við

$$\int f(x)\,dx = F(x) + C$$

1.1.1 Details

Gefið fall $f(x)$, finnum **öll** föll $F(x)$ þ.a.

$$F'(x) = f(x)$$

Skilgreining: $F(x)$ kallast stofnfall (antiderivative) falls $f(x)$ ef

$$F'(x) = f(x) \qquad \forall x \in D_f$$

Mengi allra slíkra stofnfalla $f(x)$ kallast óákveðið heildi f m.t.t. x og er táknað

$$\int f(x)\,dx$$

Ath: Ein afleiðing af meðalgildissetningunni var að ef $F'(x) = G'(x)$ þá er

$$F(x) = G(x) + C \qquad (C \text{ fasti})$$

Þetta þýðir að ef við höfum fundið eitt stofnfall f, þ.e. $F(x)$ þ.a.

$$F'(x) = f$$

þá eru **öll** stofnföllin af gerðinni

$$F(x) + C$$

Táknum þetta

$$\int f(x)\,dx = F(x) + C$$

1.1.2 Examples

$$\int x^n\,dx = \tfrac{1}{n+1}x^{n+1} + C$$
$$\int \cos kx\,dx = \tfrac{\sin kx}{k} + C$$
$$\int \sin kx\,dx = -\tfrac{\cos kx}{k} + C$$

o.s.frv.

Ýmis verkefni snúast um að finna fall sem hefur gefna afleiðu. T.d. hröðun gefin, finna staðsetningu sem fall af tíma.

1.2 Lausn diffurjöfnu

Þegar diffurjafnan

$$\frac{dy}{dx} = f(x) \qquad (f(x) \quad \text{gefið fall})$$

er leyst, fæst óákvarðaður stuðull C. Til að ákvarða þann stuðul þarf að gefa skilyrði til viðbótar, t.d. að ferillinn $y(x)$ gangi í gegnum tiltekinn punkt (x_0, y_0).
Þetta er stundum kallað upphafsgildisverkefni (IVP).

1.2.1 Details

Þegar diffurjafnan

$$\frac{dy}{dx} = f(x) \qquad (f(x) \quad \text{gefið fall})$$

er leyst, fæst óákvarðaður stuðull C. Til að ákvarða þann stuðul þarf að gefa skilyrði til viðbótar, t.d. að ferillinn $y(x)$ gangi í gegnum tiltekinn punkt (x_0, y_0).
Þetta er stundum kallað upphafsgildisverkefni (IVP).

1.2.2 Examples

Dæmi:

$$\frac{dy}{dx} = \cos x, \qquad y(0) = 1 y(x) = \sin x + C; \qquad y(0) = C = 1 \Rightarrow \qquad y(x) = \sin x + 1$$

1.3 Heilda má lið fyrir lið

1. $\int k f(x)\, dx = k \int f(x)\, dx \qquad (k \text{ fasti})$
2. $\int \big(f(x) + g(x)\big)\, dx = \int f(x)\, dx + \int g(x)\, dx$

1.3.1 Details

Nokkrar augljósar reglur:

1. $$\int k f(x)\, dx = k \int f(x)\, dx \qquad (k \text{ fasti})$$
2. $$\int \big(f(x) + g(x)\big)\, dx = \int f(x)\, dx + \int g(x)\, dx$$

Reglur (1) og (2) má taka saman:

$$\int [A f(x) + B g(x)]\, dx = A \int f(x)\, dx + B \int g(x)\, dx$$

$$\left[\begin{array}{c} F'(x) = f(x), \quad G'(x) = g(x) \quad \Rightarrow \\ [AF(x)+BG(x)]' = Af(x)+Bg(x) \end{array}\right]$$

Þetta þýðir að tegra (heilda) má lið fyrir lið.

1.3.2 Examples

<u>Dæmi 1:</u> Jaðartekjur eru $300-0,2x$ þar sem x er fjöldi seldra eininga. Hverjar eru heildartekjurnar?

$$r'(x) = 300-0,2x \qquad \text{(jaðartekjur)}$$

$$\begin{aligned} r(x) &= \int r'(x)\,dx = \int (300-0,2x)\,dx \\ &= \int 300\,dx - 0,2\int x\,dx \\ &= 300x - 0,2\tfrac{1}{2}x^2 + C \end{aligned}$$

Nú er $r=0$ þegar $x=0$ og því er $C=0$. Fáum því

$$r(x) = 300x - 0,1x^2$$

<u>Dæmi 2:</u> Heildun á $\sin^2 x$ og $\cos^2 x$.

Notum

$$\begin{array}{ll} & \sin^2 x = \frac{1-\cos 2x}{2} \\ \text{og} & \cos^2 x = \frac{1+\cos 2x}{2} \end{array}$$

$$\begin{aligned} \int \sin^2 x\,dx &= \int \left(\tfrac{1}{2} - \tfrac{1}{2}\cos 2x\right)dx \\ &= \tfrac{1}{2}\int dx - \tfrac{1}{2}\int \cos 2x\,dx \\ &= \tfrac{1}{2}\cdot x - \tfrac{1}{2}\tfrac{\sin 2x}{2} + C \\ &= \tfrac{x}{2} - \tfrac{\sin 2x}{4} + C \end{aligned}$$

1.4 Innsetning

Setning: Ef $u = g(x)$ er diffranlegt á opnu bili I og $f(u)$ er samfellt á opnu bili I_1 sem inniheldur $\{u(x) : x \in I\}$, þá er

$$\int f(g(x))\cdot\frac{dg}{dx}\,dx = \int f(u)\,du$$

1.4.1 Details

Innsetning:
$u(x)$;

$$\begin{array}{rl} & \frac{d}{dx}\left(\frac{u^{n+1}(x)}{n+1}\right) = \frac{n+1}{n+1}\cdot u^n(x)\frac{du}{dx} \\ \Rightarrow & \int\left(u^n(x)\frac{du}{dx}\right)dx = \frac{1}{n+1}u^{n+1}(x) + C \end{array}$$

Þetta skrifum við

$$\int u^n\,du = \frac{1}{n+1}u^{n+1} + C$$

Setning: Ef $u = g(x)$ er diffranlegt á opnu bili I og $f(u)$ er samfellt á opnu bili I_1 sem inniheldur $\{u(x) : x \in I\}$, þá er

$$\int f(g(x)) \cdot \frac{dg}{dx}\,dx = \int f(u)\,du$$

Sönnun: G.r.f. að F sé stofnfall $f(u)$:

$$\frac{dF(u)}{du} = f(u)$$

Skv. keðjureglu er þá

$$\begin{aligned}\frac{d}{dx}\left(F\left(u(x)\right)\right) &= f(u) \cdot \tfrac{du}{dx}\\ &= f\left(g(x)\right) \cdot \tfrac{dg}{dx}\end{aligned}$$

Notum nú eftirfarandi innsetningu:

$$\begin{aligned}\int f(g(x)) \cdot g'(x)\,dx &= \textstyle\int f(u) \cdot \frac{du}{dx}\,dx \qquad (u = g(x))\\ &= \textstyle\int f(u)\,du \qquad \left(du = \frac{du}{dx} \cdot dx\right)\\ &= F(u) + C\\ &= F\left(g(x)\right) + C \qquad (g(x) = u)\end{aligned}$$

1.4.2 Examples

Dæmi 1:

$$\begin{aligned}\int \sin(x^2) \cdot 2x\,dx &= \textstyle\int \sin u \cdot du \qquad \begin{cases} u = x^2\\ du = 2x \cdot dx\end{cases}\\ &= -\cos u + C\\ &= -\cos(x^2) + C\end{aligned}$$

Ath: Alltaf má ganga úr skugga um að rétt hafi verið heildað með því að diffra útkomuna og athuga hvort fallið undir tegrinu fæst, t.d.

$$\frac{d}{dx}(-\cos x^2 + C) = \sin x^2 \cdot 2x$$

Dæmi 2:

$$\begin{aligned}\int \sqrt{2x+1}\,dx &= \tfrac{1}{2}\textstyle\int \sqrt{2x+1} \cdot 2\,dx, \qquad u = 2x+1\\ &= \tfrac{1}{2}\textstyle\int \sqrt{u}\,du\\ &= \tfrac{1}{3}u^{\frac{3}{2}} + C\\ &= \tfrac{1}{3}(2x+1)^{\frac{3}{2}} + C\end{aligned}$$

Dæmi 3:

$$\int \sin 2x \cdot \cos^2(2x)\,dx$$

Látum $u = \cos 2x$ og $du = -2\sin 2x\,dx$. Þá er $\sin 2x\,dx = \frac{-1}{2}\,du$ og

$$\begin{aligned}\int \sin(2x) \cdot \cos^2(2x)\,dx &= \textstyle\int u^2(-\frac{1}{2}\,du)\\ &= -\tfrac{1}{2}\textstyle\int u^2 du\\ &= -\tfrac{1}{2}\tfrac{u^3}{3} + C\\ &= -\tfrac{1}{6}\cos^3(2x) + C\end{aligned}$$

1.5 Heildi og flatarmál

Gerum nú ráð fyrir að við þekkjum hraðann og viljum komast að því hversu langt farartæki hefur farið á T mín.



1.5.1 Details

Gerum nú ráð fyrir að við þekkjum hraðann og viljum komast að því hversu langt farartæki hefur farið á T mín.

Hraðinn þegar $t = 0$ er 0. Mælum hraðann með jöfnu millibili Δt (þar sem gert er ráð fyrir að Δt sé lítið þ.a. hraðinn breytist „lítið“ innan hvers bils).

G.r.f. að hraðinn þegar $t = i \cdot \Delta t$ sé v_i. Vegalengdin sem farartækið fer 1. tímabilið er $\approx v_1 \cdot \Delta t$, 2. tímabilið $\approx v_2 \cdot \Delta t$ o.s.frv. (Ath! þetta er ekki nákvæmt!).

Við getum því nálgað heildarvegalengdina sem farin er á tímanum T $(= n \cdot \Delta T)$ með

$$\begin{aligned} &v_1\Delta t + v_2\Delta t + \cdots + v_{n-1}\Delta t + v_n\Delta t \\ &= (v_1 + v_2 + \cdots + v_n)\Delta t \end{aligned}$$

Ath: v_i er hæð grafsins í $t_i = i \cdot \Delta t$. Því er $v_i\Delta t$ flatarmálrétthyrnings með grunnlínu Δt og hæð v_i.

Heildarvegalengdina sem er farin má því **nálga** með flatarmáli allra rétthyrninganna (summu flatarmálanna). En við sjáum líka að summa flatarmála rétthyrninganna er nálgun á flatarmálinu undir grafinu $v = v(t)$. Við gætum e.t.v. fengið betri nálgun á heildarvegalengdinni með því að mæla hraðann í miðpunkti hvers bils (meðalhraði í bilinu $[(i-1)\Delta t, i\Delta t]$), en hugmyndin er sú sama.
Ath: Ef $v(t)$ er þekkt fall af t, þá er vegalengdin $s(t)$ stofnfall $v(t)$.
Spurning: Er samband á milli stofnfalls $f(t)$ og flatarmáls undir grafinu $f = f(t)$?

- $s(t) = \int v(t)\,dt$ (g.r.f. $v(0) = 0$). Heildarvegalengd er $s(T)$.
- $s(T)$, heildarvegalengd, er flatarmálið undir $v = v(t)$, $0 \le t \le T$.

2 Riemann summur og ákveðin heildi

2.1 Riemann summa

Veljum $x_1, x_2, x_3, \ldots, x_{n-1}$ ($x_0 = a$, $x_n = b$) þ.a.

$$a < x_1 < x_2 < \cdots < x_{n-1} < b$$

Veljum stak $c_k \in [x_{k-1}, x_k]$
Reiknum $f(c_k) \cdot \Delta x_k \qquad k = 1, 2, \ldots, n.$
Leggjum saman alla liðina:

$$S_n = \sum_{k=1}^{n} f(c_k) \cdot \Delta x_k$$

þetta kallast Riemann summa fyrir f á $[a, b]$.

2.1.1 Details

Ætlum að finna (nálga til að byrja með) flatarmál undir grafi falls, milli línanna $x = a$ og $x = b$.

Byrjum á að skipta bilinu $[a, b]$ í n hlutbil:

Veljum $x_1, x_2, x_3, \ldots, x_{n-1}$ ($x_0 = a$, $x_n = b$) þ.a.

$$a < x_1 < x_2 < \cdots < x_{n-1} < b$$

þá er

$$P = \{x_0, x_1, \ldots, x_{n-1}, x_n\}$$

skipting á $[a, b]$.

Höfum n bil

$$[x_0, x_1], [x_1, x_2], \ldots [x_{n-1}, x_n]$$

Lengd bils númer k ($k = 1, 2, \ldots n$) er

$$\Delta x_k = x_k - x_{k-1} \qquad (k = 1, 2, \ldots, n)$$

Veljum stak $c_k \in [x_{k-1}, x_k]$
Reiknum $f(c_k) \cdot \Delta x_k \qquad k = 1, 2, \ldots, n.$
(Ath: þetta er flatarmál rétthyrnings með grunnlínu Δx_k og hæð $f(c_k)$).
Leggjum saman alla liðina:

$$S_n = \sum_{k=1}^{n} f(c_k) \cdot \Delta x_k$$

þetta kallast Riemann summa fyrir f á $[a, b]$.

Þessi summa er nálgun á flatarmáli undir grafinu $y = f(x)$ á milli a og b ef $f \geq 0$. (< 0 ef $f < 0$).

2.2 Yfir- og undirsummur (efri og neðri Riemann summur)

Fyrir $f \geq 0$ og skiptingu P má velja mismunandi c_k, t.d.

- $f(c_k) = \max_{x_{k-1} \leq x \leq x_k} f(x) = M_k$
- $f(c_k) = \min_{x_{k-1} \leq x \leq x_k} f(x) = m_k$

og þá

$$\sum_{k=1}^{n} m_k \Delta x_k \leq I = \int_a^b f(x)\,dx \leq \sum_{k=1}^{n} M_k \Delta x_k$$

þar sem I er flatarmálið undir grafinu.

Fínni skipting gefur betri nálgun á I: Fínleiki= $||P|| = \max_k |\Delta x_k|$

2.2.1 Details

Fyrir gefna skiptingu P þá fást mismunandi nálgunargildi (summur) eftir því hvernig við veljum c_k.

T.d. veljum c_k þ.a.

- $f(c_k) = \max_{x_{k-1} \leq x \leq x_k} f(x) = M_k$
- $f(c_k) = \min_{x_{k-1} \leq x \leq x_k} f(x) = m_k$

þá er ljóst að

$$\sum_{k=1}^{n} m_k \Delta x_k \leq \int_a^b f(x)\,dx \leq \sum_{k=1}^{n} M_k \Delta x_k$$

þar sem við táknum flatarmálið undir grafinu með

$$I = \int_a^b f(x)\,dx$$

Summurnar tvær kallast efri og neðri Riemann summur.

Það er ljóst að eftir því sem skiptingin verður fínni, þá verður Riemann summan betri nálgun á I.

Látum

$$||P|| = \max_k |\Delta x_k|$$

vera mælikvarða á hve fín skiptingin er.

2.3 Ákveðið heildi

Látum f vera skilgreint á $[a,b]$ (f þarf ekki að vera ≥ 0). Fyrir sérhverja skiptingu P, látum c_k vera einhverja tölu í hlutbili nr. k, $[x_{k-1}, x_k]$. Ef til er tala I þ.a.

$$\lim_{||P|| \to 0} \sum_{k=1}^{n} f(c_k) \Delta x_k = I$$

þar sem I er alveg óháð skiptingunum P og því hvernig c_k er valið, þá segjum við að f sé heildanlegt á $[a,b]$ og I sé ákveðna heildið af $f(x)$ yfir $[a,b]$. Táknum

$$I = \int_a^b f(x)\,dx$$

2.3.1 Details

Skilgreining: Látum f vera skilgreint á $[a,b]$ (f þarf ekki að vera ≥ 0). Fyrir sérhverja skiptingu P, látum c_k vera einhverja tölu í hlutbili nr. k, $[x_{k-1}, x_k]$. Ef til er tala I þ.a.

$$\lim_{||P|| \to 0} \sum_{k=1}^{n} f(c_k) \Delta x_k = I$$

þar sem I er alveg óháð skiptingunum P og því hvernig c_k er valið, þá segjum við að f sé heildanlegt á $[a,b]$ og I sé ákveðna heildið af $f(x)$ yfir $[a,b]$. Táknum

$$I = \int_a^b f(x)\,dx$$

$$\lim_{||P|| \to 0} \sum_{k=1}^{n} f(c_k) \Delta x_k = \int_a^b f(x)\,dx$$

$$\sum \quad „\longrightarrow“ \int \quad ; \qquad \Delta x \quad „\longrightarrow“ \, dx$$

<u>Ath:</u> x er svokölluð gervibreyta (dummy variable) þ.e.

$$\int_a^b f(x)\,dx = \int_a^b f(y)\,dy = \int_a^b f(t)\,dt$$

Það skiptir ekki máli hvað heildunarbreytan er kölluð.

2.4 Samfelld föll eru heildanleg

Setning:

$$\int_a^b f(x)\,dx$$

er til ef $f(x)$ er samfellt fall á $[a,b]$.

2.4.1 Details

Setning:

$$\int_a^b f(x)\,dx$$

er til ef $f(x)$ er samfellt fall á $[a,b]$.
Ath: $\int_a^b f(x)\,dx$ getur verið til, þó að $f(x)$ sé ekki samfellt.

2.5 Heildi og flatarmál undir jákvæðum föllum

- Ef $f(x) \geq 0$, $x \in [a,b]$, þá er $\int_a^b f(x)\,dx$ = flatarmál undir grafinu $y = f(x)$ á milli a og b.
- Framlag til heildisins frá bili þar sem $f(x) < 0$ er neikvætt (sbr. Riemannsummur:

$$\sum \underbrace{f(c_k)}_{<0} \cdot \Delta x_k < 0$$

ef öll $f(c_k) < 0$).

Munum: Flatarmál svæðis er alltaf jákvætt. Heildi getur verið neikvætt.

2.5.1 Details

- Ef $f(x) \geq 0$, $x \in [a,b]$, þá er $\int_a^b f(x)\,dx$ = flatarmál undir grafinu $y = f(x)$ á milli a og b.
- Framlag til heildisins frá bili þar sem $f(x) < 0$ er neikvætt (sbr. Riemannsummur:

$$\sum \underbrace{f(c_k)}_{<0} \cdot \Delta x_k < 0$$

ef öll $f(c_k) < 0$).

2.5.2 Examples

Dæmi: $f(x) = k$ fyrir fasta $k \in \mathbb{R}$.

$$A = \int_a^b f(x)\,dx = k(b-a)$$

og þetta er flatarmál kassa ef $k > 0$ en annars er $-A$ flatarmál kassans.

Dæmi: $f(x) = x$.

$$A = \int_0^b f(x)\,dx = b^2/2$$

og þetta er flatarmál þríhyrnings en ef $f(x) = -x$, þá er $-A$ flatarmálið.

2.6 Nokkur orð um formerki

- $\int_a^b f(x)\,dx$ er til ef f er **samfellt á köflum** í $[a,b]$, (þ.e. skipta má $[a,b]$ í endanlega mörg undirbil, $[a,x_1],[x_1,x_2],\ldots,[x_{n-1},b]$ þ.a. f er samfellt á hverju undirbili og endanleg markgildi í x_i). Notum svo
$$\int_a^{x_1} f(x)\,dx+\int_{x_1}^{x_2} f(x)\,dx+\cdots+\int_{x_{n-1}}^{b} f(x)\,dx=\int_a^b f(x)\,dx$$
- Getum notað flatarmál til að reikna (einföld) heildi:
- Almennt:
  R_+ er svæðið undir $y=f(x)$ og ofan við x-ás þar sem $f(x)\geq 0$. R_- er svæðið yfir $y=f(x)$ og undir x-ás þar sem $f(x)<0$.
$$\int_a^b f(x)\,dx=A(R_+)-A(R_-)$$

2.6.1 Details

- $\int_a^b f(x)\,dx$ er til ef f er **samfellt á köflum** í $[a,b]$, (þ.e. skipta má $[a,b]$ í endanlega mörg undirbil, $[a,x_1],[x_1,x_2],\ldots,[x_{n-1},b]$ þ.a. f er samfellt á hverju undirbili og endanleg markgildi í x_i). Notum svo
$$\int_a^{x_1} f(x)\,dx+\int_{x_1}^{x_2} f(x)\,dx+\cdots+\int_{x_{n-1}}^{b} f(x)\,dx=\int_a^b f(x)\,dx$$
  <u>Ath:</u>
$$\int_a^b f(x)\,dx+\int_b^c f(x)\,dx=\int_a^c f(x)\,dx$$
  því:
$$\sum_{k=1}^{n} f(c_k)\Delta x_k+\sum_{k=n+1}^{m} f(c_k)\Delta x_k=\sum_{k=1}^{m} f(c_k)\Delta x_k$$
  Þar sem $P_1=\{\overbrace{x_0}^{=a},x_1,\ldots,\overbrace{x_n}^{=b}\}$ og $P_2=\{x_n,\ldots,\overbrace{x_m}^{=c}\}$ eru skiptingar á $[a,b]$ og $[b,c]$.

  $P_1\cup P_2$ er því skipting á $[a,c]$.
- Getum notað flatarmál til að reikna (einföld) heildi:
- Almennt:
  R_+ er svæðið undir $y=f(x)$ og ofan við x-ás þar sem $f(x)\geq 0$. R_- er svæðið yfir $y=f(x)$ og undir x-ás þar sem $f(x)<0$.
$$\int_a^b f(x)\,dx=A(R_+)-A(R_-)$$

Skilgreiningin á (Riemann) heildi gildir þó að $f(x)<0$ fyrir sum x. Ef $f(x)\geq 0$, $\forall x\in[a,b]$ þá er flatarmál undir ferlinum $y=f(x)$ milli a og b gefið með
$$A=\int_a^b f(x)\,dx$$

2.6.2 Examples

Dæmi:

$$\int_{-1}^{1} 2x\,dx$$

$$\begin{aligned}
\int_{-1}^{1} 2x\,dx &= \textstyle\int_{-1}^{0} 2x\,dx + \int_{0}^{1} 2x\,dx \\
\int_{0}^{1} 2x\,dx &= \text{flatarmál} \quad \Delta OAB \\
&= \tfrac{1}{2}\cdot 1\cdot 2 = 1
\end{aligned}$$

$$\begin{aligned}
\int_{-1}^{0} 2x\,dx &= -\,\text{flatarmál} \quad \Delta OCD \\
&= -\tfrac{1}{2}\cdot 1\cdot 2 = -1 \\
\Rightarrow \qquad \int_{-1}^{1} 2x\,dx &= -1+1 = 0
\end{aligned}$$

2.7 Dæmi: x^2

$$\int_0^1 x^2\,dx$$

Reiknum undir- og yfirsummu

Í báðum tilfellum fáum við að

$$\lim_{N\to\infty} \sum_{k=1}^{N} f(c_k)\cdot \Delta x_k = \frac{1}{3}$$

Drögum því þá ályktun að

$$\int_0^1 x^2\,dx = \frac{1}{3}$$



2.7.1 Examples

Dæmi:

$$\int_0^1 x^2\,dx$$

Skiptum $[0,1]$ í N hlutbil:

$$0 = x_0, \quad x_1 = \frac{1}{N}, \quad x_2 = \frac{2}{N}, \quad \ldots, x_{N-1} = \frac{N-1}{N}, \quad x_N = 1$$

Veljum c_k sem vinstri endapunkt hvers bils, þ.e.

$$c_k = \frac{k-1}{N}, \qquad k = 1,2,\ldots,N$$

Riemann summan fyrir þessa skiptingu og þetta val á c_k er

$$\sum_{k=1}^{N}\left(\frac{k-1}{N}\right)^2\cdot\frac{1}{N}=RL_N$$

<u>Ath:</u> RL_N er neðri Riemann summa fyrir þessa skiptingu

$$\begin{aligned} RL_N &= \tfrac{1}{N^3}\textstyle\sum_{k=1}^{N}(k-1)^2 \\ &= \tfrac{1}{N^3}(1^2+2^2+3^2+\cdots+(N-1)^2) \end{aligned}$$

Hver er formúlan fyrir summu fyrstu $N-1$ kvaðratanna?

Sýna má fram á með þrepun (induction) að

$$1^2+2^2+3^2+\cdots+n^2=\frac{1}{3}n^3+\frac{1}{2}n^2+\frac{1}{6}n$$

því er

$$\begin{aligned} RL_N &= \tfrac{1}{N^3}\left(\tfrac{1}{3}(N-1)^3+\tfrac{1}{2}(N-1)^2+\tfrac{1}{6}(N-1)\right) \\ &= \tfrac{1}{3}\tfrac{(N-1)^3}{N^3}+\tfrac{1}{2}\tfrac{(N-1)^2}{N^3}+\tfrac{1}{6}\tfrac{N-1}{N^3} \end{aligned}$$

Látum nú $N\to\infty$ (ath. $\Delta x_k=1/N$ fyrir öll k);

$$\frac{(N-1)^2}{N^3}\to 0,\qquad \frac{N-1}{N^3}\to 0,\qquad \text{en}\qquad \left(\frac{N-1}{N}\right)^3\to 1$$

Þá fæst

$$\lim_{N\to\infty} RL_N=\frac{1}{3}$$

Hvað gerist ef við tökum c_k í hægri endapunkti hvers bils? Þ.e. $c_k=k/N$
Riemann summan:

$$\begin{aligned} RU_N=\sum_{k=1}^{N}\left(\frac{k}{N}\right)^2\cdot\frac{1}{N} &= \tfrac{1}{N^3}\left(1^2+2^2+3^2+\cdots+N^2\right) \\ &= \tfrac{1}{N^3}\left(\tfrac{1}{3}N^3+\tfrac{1}{2}N^2+\tfrac{1}{6}N\right) \\ &= \tfrac{1}{3}+\tfrac{1}{2}\tfrac{1}{N}+\tfrac{1}{6}\tfrac{1}{N^2} \qquad\longrightarrow \tfrac{1}{3} \end{aligned}$$

þegar $N\to\infty$ (og þar með $max_k|\Delta x_k|\to 0$).

Í báðum tilfellum fáum við að

$$\lim_{N\to\infty}\sum_{k=1}^{N} f(c_k)\cdot\Delta x_k=\frac{1}{3}$$

Drögum því þá ályktun að

$$\int_0^1 x^2\,dx=\frac{1}{3}$$

2.8 Fínni skiptingar og Riemann summur

neðri Riemann summa $\quad\leq I\leq\quad$ efri Riemann summa

þetta gildir alltaf.

Ef við tökum fínni skiptingu þannig að $P_1\subset P_2$ (P_2 er fínni en P_1) þá vex neðri Riemann summan en sú efri minnkar.





2.8.1 Details

$$\text{neðri Riemann summa} \quad \leq I \leq \quad \text{efri Riemann summa}$$

þetta gildir alltaf.

Ef við tökum fínni skiptingu þannig að $P_1 \subset P_2$ (P_2 er fínni en P_1) þá vex neðri Riemann summan en sú efri minnkar.

Neðri R-summur vaxa með fínni skiptingu. Neðri R-summurnar eru takmarkaðar að ofan (t.d. af hvaða efri R-summu sem er).

Höfum því runu af neðri summum sem vaxa, en eru takmarkaðar að ofan. Þær hafa því markgildi. Sama gildir um efri summur: þær eru takmarkaðar að neðan og minnkandi. Runan af efri summum hefur því markgildi. Ef þessi markgildi (fyrir efri summur og fyrir neðri summur) eru þau sömu, þá er þar komið

$$\int_a^b f(x)\,dx$$

2.9 Sum föll eru ekki Riemann heildanleg

Tökum loks dæmi þar sem $\int_a^b f(x)\,dx$ er ekki til:

$$f(x) = \begin{cases} 0 & x \in \mathbb{Q} \\ 1 & x \in \mathbb{R} \setminus \mathbb{Q} \end{cases}$$

2.9.1 Details

Tökum loks dæmi þar sem $\int_a^b f(x)\,dx$ er ekki til:

$$f(x) = \begin{cases} 0 & x \in \mathbb{Q} \\ 1 & x \in \mathbb{R} \setminus \mathbb{Q} \end{cases}$$

Á sérhverju bili $[x_{k-1}, x_k]$ eru bæði til ræðar og óræðar tölur. Minnsta gildi f í $[x_{k-1}, x_k]$ er því 0 og stærsta gildið 1. Allar neðri Riemann summur hafa því gildið 0 og allar efri Riemann summur gildið 1.

3 Grundvallarsetning stærðfræðigreiningarinnar

3.1 Meginsetningin 1.hluti

Látum f vera samfellt á $[a,b]$,

$$F(x) \equiv \int_a^x f(t)\,dt \qquad x \in [a,b]$$

Þá:

$F(x)$ hefur afleiðu $F'(x)$, $\forall x \in (a,b)$ og

$$F'(x) = \frac{d}{dx}\int_a^x f(t)\,dt = f(x)$$

3.1.1 Details

Látum f vera samfellt á $[a,b]$,

$$F(x) \equiv \int_a^x f(t)\,dt \qquad x \in [a,b]$$

Þá:
$F(x)$ hefur afleiðu $F'(x)$, $\forall x \in (a,b)$ og

$$F'(x) = \frac{d}{dx}\int_a^x f(t)\,dt = f(x)$$

$$\frac{F(x+h)-F(x)}{h} = \frac{\int_a^{x+h} f(t)\,dt - \int_a^x f(t)\,dt}{h} = \frac{1}{h}\int_x^{x+h} f(t)\,dt = f(c) \qquad c \in [x,x+h],$$

skv. meðalgildissetningu fyrir heildi. Það er

$$\Rightarrow \qquad \begin{array}{l} \frac{F(x+h)-F(x)}{h} = f(c), \qquad c \in [x,x+h] \\ \frac{dF}{dx}(x) = \lim_{h\to 0}\frac{F(x+h)-F(x)}{h} \\ \qquad = \lim_{h\to 0} f(c) = f(x) \end{array}$$

þ.e. $\qquad F'(x) = f(X).$

Hraði breytinga í flatarmáli, þ.e. $F'(x)$ er jafn hæð grafsins $f(x)$.
Ath: Neðri mörk heildisins (þ.e. a) skipta ekki máli:

$$\frac{d}{dx}\int_a^x f(t)\,dt = \frac{d}{dx}\int_b^x f(t)\,dt$$

3.1.2 Examples

Dæmi:

1.
$$\frac{d}{dx}\int_0^x \sin t^2\,dt = \sin x^2$$

2.

$$\frac{d}{dx}\int_0^{x^2} t^2\,dt = \left(x^2\right)^2 \cdot 2x = 2x^5$$

$$x \underbrace{\longrightarrow}_{2x} x^2 = u \quad \underbrace{\longrightarrow}_{u^2=\left(x^2\right)^2=x^4} \quad \int_0^u t^2\,dt = \int_0^{x^2} t^2\,dt$$

3.

$$\frac{d}{dx}\int_x^a f(t)\,dt = \frac{d}{dx}\left(-\int_a^x f(t)\,dt\right) = -f(x)$$

4.

$$\frac{d}{dx}\int_{x^2+x}^a \sin t\,dt = -\sin(x^2+x)\cdot(2x+1)$$

3.2 Meginsetningin 2. hluti

Ef f er samfellt á $[a,b]$ og F er stofnfall f á $[a,b]$ (þ.e. $\forall x \in [a,b], F'(x) = f(x)$).

Þá er

$$\int_a^b f(x)\,dx = F(b) - F(a)$$

3.2.1 Details

$f(x)$ er samfellt í $[a,b]$ og $F(x)$ er stofnfall $f(x)$ í $x \in [a,b]$ ($\forall x \in [a,b], F'(x) = f(x)$).

Þá er

$$\int_a^b f(x)\,dx = F(b) - F(a)$$

Ath: Alltaf er til stofnfall f þ.e. $G(x) \equiv \int_a^x f(t)\,dt$ er stofnfall $f(x)$. (1.hluti)

$$\begin{aligned} F(b)-F(a) &= (G(b)+C)-(G(a)+C) \\ &= G(b)-G(a) \qquad (C \text{ er fasti}) \\ &= \textstyle\int_a^b f(t)\,dt - \int_a^a f(t)\,dt \\ &= \textstyle\int_a^b f(t)\,dt \end{aligned}$$

3.2.2 Examples

Dæmi:

1.

$$\int_0^1 \frac{d}{dx}(x^{10}-6x^2)\,dx = [x^{10}-6x^2]_0^1 = 1-6 = -5$$

Ath: Við skrifum

$$[F(x)]_a^b \equiv F(b) - F(a)$$

2.
$$\int_0^{\frac{\pi}{2}} \cos x\,dx = [\sin x]_0^{\frac{\pi}{2}} = \sin\frac{\pi}{2} - \sin 0 = 1$$

3. Finnið flatarmál svæðisins sem afmarkast af (a) x-ás, (b) $y = \sqrt{x}$, (c) $x = 4$:
$$\int_0^4 x^{\frac{1}{2}}\,dx = \left[\frac{2}{3}x^{\frac{3}{2}}\right]_0^4 = \frac{2}{3}4^{\frac{3}{2}} - 0 = \frac{16}{3}$$

4. Finnið flatarmál svæðisins sem afmarkast af (a) x-ás, (b) $y = 3x^{-2}$, (c) $x = -3$, (d) $x = -1$.
$$\int_{-3}^{-1} 3x^{-2}\,dx = \left[-3x^{-1}\right]_{-3}^{-1} = -3(-1)^{-1} - (-3)(-3)^{-1} = \frac{-3}{-1} - \frac{-3}{-3} = 3 - 1 = 2$$

5. Finnið flatarmálið milli (a) $y = \cos 3x$, (b) x-ás, (c) $x = \frac{\pi}{6}$, (d) $x = \frac{\pi}{2}$
$$-\int_{\frac{\pi}{6}}^{\frac{\pi}{2}} \cos 3x\,dx = -\left[\frac{1}{3}\sin 3x\right]_{\frac{\pi}{6}}^{\frac{\pi}{2}} = \frac{-1}{3}\left(\sin\frac{3\pi}{2} - \sin\frac{\pi}{2}\right) = \frac{-1}{3}(-1-1) = \frac{2}{3}$$

4 Heildunarreglur og meðalgildi

4.1 Meðalgildi falls

Meðalgildi f á $[a,b]$ er
$$\overline{f} = \frac{1}{b-a}\int_a^b f(x)\,dx$$

4.1.1 Details

Skilgreining: **Meðalgildi** f á $[a,b]$ er
$$\overline{f} = \mathrm{av}(f) = \frac{1}{b-a}\int_a^b f(x)\,dx$$

Ath:
$$\int_a^b f(x)\,dx = (b-a)\overline{f} = \text{ flatarmál rétthyrnings með grunnflöt } (b-a) \text{ og hæð } \overline{f}$$

$\overline{f}$ er því hæð rétthyrnings með grunnlínu $(b-a)$ sem hefur sama flatarmál og flatarmálið undir grafinu $y = f(x)$ á milli a og b.

4.2 Nokkrar reglur um heldi

- $\int_a^b f(x)\,dx = -\int_b^a f(x)\,dx$ (skilgreining)
- $\int_a^a f(x)\,dx = 0$ (skilgreining)
- $\int_a^b kf(x)\,dx = k\int_a^b f(x)\,dx \qquad k \in \mathbb{R}$
- $\int_a^b (f(x)+g(x))\,dx = \int_a^b f(x)\,dx + \int_a^b g(x)\,dx$

4.2.1 Details

Heildunarreglur:

- $$\int_a^b f(x)\,dx = -\int_b^a f(x)\,dx \qquad \text{(skilgreining)}$$

  [Ath: Við getum litið svo á að $\Delta x_k < 0$ í Riemann summunum]

- $$\int_a^a f(x)\,dx = 0 \qquad \text{(skilgreining)}$$

  [Öll $\Delta x_k = 0$ í Riemann summunni]

- $$\int_a^b k f(x)\,dx = k\int_a^b f(x)\,dx \qquad k \in \mathbb{R}$$

  $$[\underbrace{\sum_{k=1}^n k f(c_k)\Delta x_k}_{\to\int_a^b k f(x)\,dx} = k\underbrace{\sum_{k=1}^n f(c_k)\Delta x_k}_{\to\int_a^b f(x)\,dx}]$$

- $$\int_a^b (f(x)+g(x))\,dx = \int_a^b f(x)\,dx + \int_a^b g(x)\,dx$$

  $$[\quad \sum_{k=1}^n (f(c_k)+g(c_k))\Delta x_k = \sum_{k=1}^n f(c_k)\Delta x_k + \sum_{k=1}^n g(c_k)\Delta x_k \quad]$$

4.3 Heildunarreglur (frh)

- $\int_a^b f(x)\,dx + \int_b^c f(x)\,dx = \int_a^c f(x)\,dx$
- $$\min_{x\in[a,b]} f\cdot(b-a) \le \int_a^b f(x)\,dx \le \max_{x\in[a,b]} f\cdot(b-a)$$

  $$\min f\cdot\underbrace{\sum_{k=1}^n \Delta x_k}_{(b-a)} \le \sum_{k=1}^n f(c_k)\cdot\Delta x_k \le \max f\underbrace{\sum_{k=1}^n \Delta x_k}_{(b-a)}$$

- $f(x) \ge g(x), \quad x\in[a,b] \Rightarrow \qquad \int_a^b f(x)\,dx \ge \int_a^b g(x)\,dx$

4.3.1 Details

- $$\int_a^b f(x)\,dx + \int_b^c f(x)\,dx = \int_a^c f(x)\,dx$$

  $$[\qquad \sum_{k=1}^n f(c_k)\cdot\Delta x_k + \sum_{k=n+1}^m f(c_k)\cdot\Delta x_k]$$

  þar sem $P_1 = \{x_0, x_1, \ldots, x_n\}$ og $P_2 = \{x_n, \ldots x_m\}$, $(x_0 = a, x_n = b, x_m = c)$ eru skiptingar á $[a,b]$ og á $[b,c]$]

- $$\min_{x\in[a,b]} f\cdot(b-a) \le \int_a^b f(x)\,dx \le \max_{x\in[a,b]} f\cdot(b-a)$$
$$\min f\cdot \underbrace{\sum_{k=1}^{n} \Delta x_k}_{(b-a)} \le \sum_{k=1}^{n} f(c_k)\cdot\Delta x_k \le \max f \underbrace{\sum_{k=1}^{n} \Delta x_k}_{(b-a)}$$

- $f(x) \ge g(x), \quad x\in[a,b]$
$$\Rightarrow \qquad \int_a^b f(x)\,dx \ge \int_a^b g(x)\,dx$$

$$\left(\quad f(x)\ge 0 \quad \Rightarrow \quad \int_a^b f(x)\,dx \ge 0, \quad \text{sértilfelli} \quad \right)$$
$$\left[\qquad \sum_{k=1}^{n} f(c_k)\Delta x_k \ge \sum_{k=1} g(c_k)\Delta x_k \qquad \right]$$

4.4 Meðalgildissetning fyrir heildi

Látum f vera samfellt á $[a,b]$. Þá er til $c\in[a,b]$ þ.a.
$$f(c) = \frac{1}{b-a}\int_a^b f(x)\,dx$$

4.4.1 Details

Setning Látum f vera samfellt á $[a,b]$. Þá er til $c\in[a,b]$ þ.a.
$$f(c) = \frac{1}{b-a}\int_a^b f(x)\,dx$$

Sönnun:
$$\min_{x\in[a,b]} f(x) \le \frac{1}{b-a}\int_a^b f(x)\,dx \le \max_{x\in[a,b]} f(x)$$

(Sjá (6)). Þar sem $f(x)$ er samfellt á $[a,b]$ tekur f öll gildi milli $\min f$ og $\max f$, þar á meðal $\frac{1}{b-a}\int_a^b f(x)\,dx$. Flatarmál rétthyrnings með grunnlínu $(b-a)$ og hæð $f(c)$ er jafnt flatarmáli undir grafinu á milli a og b.

Ath: Nauðsynlegt er að f sé samfellt.

5 Heildi og afleiður logra og veldisvísisfalla

5.1 Skilgreining: Náttúrulegi logrinn

Ein skilgreining á ln er

$$\ln x \equiv \int_1^x \frac{1}{t}\,dt \qquad x > 0.$$

5.1.1 Details

Náttúrulega logrann má skilgreina á marga jafngilda vegu.

Skilgreining:

$$\ln x \equiv \int_1^x \frac{1}{t}\,dt \qquad x > 0$$

5.2 Ýmsir eiginleikar logra

1. $$\ln 1 = \int_1^1 \frac{1}{t}\,dt = 0$$
2. $$\ln x = -\int_x^1 \frac{1}{t}\,dt < 0, \qquad 0 < x < 1$$
3. $$\ln x = \int_1^x \frac{1}{t}\,dt > 0, \qquad x > 1$$
4. $$\frac{d}{dx}\ln x = \frac{d}{dx}\int_1^x \frac{1}{t}\,dt = \frac{1}{x} \quad x > 0$$
5. $$\frac{d^2}{dx^2}\ln x = -\frac{1}{x^2} < 0$$

5.2.1 Details

Þurfum nú að sýna fram á lograeiginleikana; en athugið fyrst

1. $$\ln 1 = \int_1^1 \frac{1}{t}\,dt = 0$$
2. $$\ln x = -\int_x^1 \frac{1}{t}\,dt < 0 \qquad \text{ef} \quad 0 < x < 1$$

3.
$$\ln x = \int_1^x \frac{1}{t}\,dt > 0 \qquad \text{ef} \quad x > 1$$

4.
$$\frac{d}{dx}\ln x = \frac{d}{dx}\int_1^x \frac{1}{t}\,dt = \frac{1}{x} \quad x > 0$$

(því $\frac{1}{t}$ er samfellt fall fyrir $t > 0$.)
(ath: $\frac{d}{dx}\ln x > 0$. Því er $\ln x$ samfellt, diffranlegt og vaxandi fyrir $x > 0$)

5.
$$\frac{d^2}{dx^2}\ln x = -\frac{1}{x^2} < 0$$

Graf $\ln x$ er því hvelft niður $x > 0$.

5.3 Logradæmi

Finnið flatarmálið milli $y = \frac{2x}{x^2+1}$, x-áss, $x = 0$, $x = 2$:

$$A = \int_0^2 \frac{2x}{x^2+1}\,dx = \underbrace{\int_1^5 \frac{1}{u}\,du}_{u=x^2+1 \quad du=2x\,dx} = \ln 5 - \ln 1 = \ln 5$$



5.3.1 Details

Ath: Getum nú heildað ýmis föll eins og t.d. $\tan x$.

$$\begin{aligned} \int \tan x\,dx &= \int \frac{\sin x}{\cos x}\,dx \\ &= \underbrace{-\int \frac{1}{u}\,du}_{u=\cos x, \quad -du=\sin x\,dx} \\ &= -\ln|u| + C \\ &= -\ln|\cos x| + C \\ (&= \ln|\sec x| + C) \end{aligned}$$

5.3.2 Examples

1.
$$\int_5^{10} \frac{1}{x}\,dx = [\ln|x|]_5^{10} = \ln 10 - \ln 5 = \ln 2$$

2.
$$\int \frac{1}{1-4x}\,dx = \underbrace{\int \frac{1}{u}\left(\frac{du}{-4}\right)}_{u=1-4x, \quad du=-4\,dx} = \frac{-1}{4}\ln|u| = \frac{-1}{4}\ln|1-4x| + C$$

3. Finnið flatarmálið milli $y = \frac{2x}{x^2+1}$, x-áss, $x = 0$, $x = 2$:

$$A = \int_0^2 \frac{2x}{x^2+1}\,dx = \underbrace{\int_1^5 \frac{1}{u}\,du}_{u=x^2+1 \quad du=2x\,dx} = \ln 5 - \ln 1 = \ln 5$$

5.4 Afleiða og stofnfall exp

Afleiða e^x:

$$\frac{d}{dx}e^x = e^x$$

5.4.1 Details

Setning (Afleiða e^x):

$$\frac{d}{dx}e^x = e^x$$

Sönnun:

$$\begin{aligned} y = e^x \quad &\Leftrightarrow \quad \ln y = x \\ &\Leftrightarrow \quad \tfrac{1}{y}\tfrac{dy}{dx} = 1 \\ &\Leftrightarrow \quad \tfrac{dy}{dx} = y \\ &\Leftrightarrow \quad \tfrac{dy}{dx} = e^x \\ &\Leftrightarrow \quad \tfrac{d}{dx}e^x = e^x \end{aligned}$$

Stofnfall e^x:

$$\int e^x\,dx = e^x + C$$

5.5 Einfaldar diffurjöfnur

$$\frac{dy}{dx} = 2 \cdot x \cdot y, \quad y(0) = 1$$



5.5.1 Details

Við erum nú í aðstöðu til að leysa einfaldar diffurjöfnur:

Við höfum þegar sé hvernig á að leysa

$$\frac{dy}{dx} = f(x)$$

($y(x) = \int f(x)\,dx + C$) Ath: Þetta þýðir að hallatala lausnarferils er $f(\hat{x})$ þegar $x = \hat{x}$.

Ath: Fyrir fast x er hallatalan sú sama, **óháð** y.

Hvað ef $\frac{dy}{dx} = f(x,y)$?
þ.e. hallatalan í punkti (x,y) er háð bæði x og y:

5.5.2 Examples

Dæmi:

$$\frac{dy}{dx} = 2 \cdot x \cdot y, \quad y(0) = 1$$

Deilum í gegn með y:

$$\frac{1}{y}\frac{dy}{dx} = 2x$$

Heildum m.t.t. x:

$$\begin{aligned} & \int \tfrac{1}{y(x)} \tfrac{dy}{dx}\,dx = \int 2x\,dx \\ & \int \tfrac{1}{y}\,dy = \int 2x\,dx \\ \Rightarrow \quad & \ln y + C_1 = x^2 + C_2 \end{aligned}$$

$$\begin{aligned} \Rightarrow \quad & \ln y = x^2 + C_3 \\ \Rightarrow \quad & y(x) = e^{x^2 + C_3} \\ \Rightarrow \quad & y(x) = e^{C_3} e^{x^2} \\ \Rightarrow \quad & y(x) = Ce^{x^2} \end{aligned}$$

$y(0) = 1 \quad \Rightarrow \quad 1 = Ce^0 = C$

$$\Rightarrow \quad y(x) = e^{x^2}$$

Ath: Þetta er sá ferill í $x - y$ plani sem hefur hallatölu $2x \cdot y$ í punktinum (x,y) og gengur í gegnum punktinn $(0,1)$.

6 Ákveðin heildi og flatarmál

6.1 Innsetning í ákveðnum heildum

1. $$\int_a^b f(g(x)) \cdot g'(x)\,dx = \int_{g(a)}^{g(b)} f(u)\,du$$
2. Reiknum óákveðið heildi (stofnfall) með innsetningu og setjum svo inn mörkin.

6.1.1 Details

1. $$\int_a^b f(g(x)) \cdot g'(x)\,dx = \int_{g(a)}^{g(b)} f(u)\,du$$

   Setjum $u = g(x)$, $du = g'(x)\,dx$,
   $x = a \Rightarrow u = g(a)$, $x = b \Rightarrow u = g(b)$.

   $$\left[\begin{aligned} \int_a^b f(g(x))g'(x)\,dx &= [F(g(x))]_{x=a}^{x=b} \qquad (F' = f) \\ &= F(g(b)) - F(g(a)) \\ &= [F(u)]_{u=g(a)}^{u=g(b)} \\ &= \textstyle\int_{g(a)}^{g(b)} f(u)\,du \end{aligned} \right]$$

2. Reiknum óákveðið heildi (stofnfall) með innsetningu og setjum svo inn mörkin.

6.1.2 Examples

Dæmi um (1):

